

Sveitarfélagið Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardal

Neskaupstaður, 25. febrúar 2022
Tilvísun: 2103095

Efni: Beiðni um umsögn vegna tilraunaleyfis Northlight Seafood ehf. í Hvammsfirði.

Matvælastofnun hefur til meðferðar umsókn um nýtt tilraunaleyfi frá Northlight Seafood ehf. vegna skeldýraræktar í Borgarfirði. Sótt er um tilraunaleyfi til að athuga möguleika á framtíðar flekaræktun á kræklingi svæðinu.

Vegna fyrirhugaðrar leyfisveitingu óskar Matvælastofnun, í samræmi við 9. gr. laga nr. 90/2011 um skeldýrarækt, eftir umsögn Sveitarfélagsins Dalabyggðar varðandi það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Umsögn óskast send Matvælastofnun fyrir 25. mars 2022 á tölvupóstfangið: andri@mast.is. Ef ákveðið verður að veita ekki umsögn er þess óskað að staðfesting þar um verði send á fyrrgreint tölvupóstfang.

Virðingarfyllt
f.h. Matvælastofnunar


Andri Snær Þorsteinsson
Sérfræðingur fiskeldis

Meðfylgjandi fylgigögn:

1. Fylgiskjal 1: Umsókn Northlight Seafood
2. Fylgiskjal 2: Yfirlitsmynd